

Ágætu fundargestir!

Fyrir hönd Stéttarfélags Vesturlands og Kjalar stéttarfélags í almannþjónustu, býð ég ykkur velkomin til þessa hátíðar og baráttufundar hér í Hjalmafletti. Um leið sendi ég félögum okkar um allan heim kveðjur og tek undir kröfuna um frelsi, jafnrétti og bræðralag. Um þessar mundir eru liðin 100 ár síðan íslenskt verkafólk, stofnaði Alþýðusamband Íslands. Einhver gæti haldið en eftir 100 ára baráttu væri í lagi að leggja á meltuna, gleðjast yfir glæstum sigrum og slaka á. Vissulega hafa margar orrustur unnist, en baráttunni fyrir bættum kjörum líkur aldrei. Einmitt nú í upphafi 21. aldarinnar höfum við verið rækilega minnt á hversu heimurinn er hverfull. Atvinnuöryggi, efnahagslegt sjálfstæði og almenn velsæld, var eitthvað sem við töldum að væri í höfn, svona á fyrstu árum aldarinnar... Menn töluðu um góðæri, þennslu, uppgang, allir voru að „meika það“, en svo hrundi allt....eða var það? Var það ekki bara sumt sem hrundi... hefur ekki verið að koma í ljós á síðustu vikum, að innistæðulausir skuldareikningar útrásavíkinganna og þeirrar efnahagslegu elítu, sem stjórnað hefur landinu frá upphafi, þessum skuldum var skellt í fangið á okkur, venjulega fólkinu, sem þurfum að vinna fyrir okkur, notum íslenskar krónur og borgum verðtryggð lán. Við höfum skorið niður, hert sultarólarnar, tekið út séreignarsparnaðinn, misst ofan af okkur húsnæðið, aukið þátttöku okkar í kostnaði við heilbrigðiskerfið, sætt okkur við hærri skatta, skerðingar á lífeyrisgreiðslur og svo mætti lengi telja. Á sama tíma er birgðum létt af auðmönnum, útgerðin losnar við hluta af fyrirhuguðum veiðigjöldum, skuldir eru afskrifaðar af fjárglæframönnum í milljarðavis og allt þykir þetta gott og gilt. En hvað er svo að koma á daginn? Það virðist hafa verið regla, fremur en undantekning að ef þú tilheyrðir elítunni, áttir eitthvað undir þér, þá áttir þú líka fyrirtæki og bankareikinga í felum í útlöndum, enda ekkert vit að geyma aurana sína í íslenskum krónum ef maður átti eitthvað af þeim á annað borð. Nei, krónan og heimabankarnir eru bara fyrir almúgann. Aflandsfélög fyrir útvalda: auðkýfinga, útgerðarmenn og demantadrottningar. Samstaða í 100 ár segir í kjörorði dagsins... Sú samstaða á því miður bara við um alþýðufólkið... hina vinnandi stétt. Hinn hlutinn, auðvaldið stendur bara með sjálfu sér, sér um sig. Hafi einhverjir haldið að nú væri búíð að tryggja góð kjör, mannsæmandi húsnæði, almenna heilbrigðisþjónustu og menntun fyrir alla. Þá er það ekki svo, við höfum verk að vinna sem aldrei fyrr.

Setjum markið á nýja sókn og nýja sigra.

Með þessum orðum segi ég fundinn settan.